



GRENIVÍKURSKÓLI

Grenivíkurskóli auglýsir eftir kennurum

Grenivíkurskóli leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drifandi kennurum með brennandi áhuga á skólastarfi. Um er að ræða tvær **tímabundnar stöður** skólaárið 2025-2026.

100% staða umsjónarkennara á yngsta stigi.

100% staða íþróttakennara, sem einnig sinnir bekkjarkennslu.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Haldgóð þekking á kennslufræði og hæfni til að beita fjölbreyttum kennsluháttum.
- Lipurð í samskiptum, sveigjanleiki, jákvæðni og rík þjónustulund.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði.
- Faglegur metnaður.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Gerð er krafa um vammleysi, gott orðspor og framkomu.

Í Grenivíkurskóla eru um 50 nemendur í 1. – 10. bekk. Í skólanum er góður starfsandi og þar er leitast við að haga skólastarfinu í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Meðal þess sem við leggjum ríka áherslu á er góður skólabragur, teymiskennsla, lýðheilsa og umhverfismennt.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.grenivikurskoli.is

Umsóknarfrestur er til 23. apríl. Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir skal senda í tölvupósti á netfangið grenivikurskoli@grenivikurskoli.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar gefur Þorgeir Rúnar Finnsson, skólastjóri, í síma 868-2385 eða í tölvupósti thorgeir@grenivikurskoli.is